

EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI í Svartsengi Svartsengi, Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	26.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	CRI í Svartsengi	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 27, Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Þórðarson, öryggis- og gæðastjóri	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	329903,036 383317,415

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ein athugasemd var gerð og tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlitið.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Staða mála hjá rekstraraðila
2. Undanþágur umhverfis- og auðlindaráðuneytis
3. Niðurdæling á frárennsli verksmiðjunnar?
4. Frágangur og fódur SV-1, uppruni vatnsins í frárennslinu sem fer í holuna.
5. Farið yfir innsend gögn – hljóðmæling, grænt bókhald, útstreymisbókhald
6. Aðrar kröfur í starfsleyfi og önnur mál

Eftirlitið hófst á fundi. Gunnar Þórðarson var fulltrúi CRI en fulltrúar Umhverfisstofnunar voru þau Guðbjörg Stella Árnadóttir og Gottskálk Friðgeirsson. Fram kom á fundinum að þann 19. júní sl. var verksmiðjan á 589. rekstrardegi sínum og er áætlað að ekki komi til stöðvunar verksmiðjunnar vegna þess að starfsleyfið renni út áður en nýtt starfsleyfi er í höfn. Starfsleyfið skal gilda í tvö rekstrarár sem telst 730 rekstrardagar.

Fyrirhugað er að stöðva rekstur verksmiðjunnar í haust þegar efnahvata (reactor) við myndun metanóls verður skipt út. Framleiðandinn mun taka við notuðum efnahvata og verður sótt um leyfi Umhverfisstofnunar fyrir útflutninginum sem og fyrir útflutningi á notuðu zinkoxíði þegar að því kemur að það verði flutt út. Notaðri aminlausn sem farga ber sem úrgangi er skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku gegn kvittunum.

Lútur sem framleiddur er á svæðinu með því að kalíumhýdroxíð er leyst upp í vatni er notaður í rafgreiningu á vatni. Þegar lútnum er skipt út þá er hann skilgreindur sem aukaafurð sem afhentur er Síldarvinnslunni í Helgúvík (SVN) gegn kvittun. SVN notar síðan lútinn við þríf á verksmiðju sinni.

Rætt var um stöðu starfsleyfisgerðar. Álit Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum liggur fyrir svo og flest þau gögn sem Umhverfisstofnun krefst þegar sótt er um starfsleyfi. Fram kom að starfsmenn CRI eru að auka við mælingar á efnamagni í fráveituvatni sem berst í borholu (SV-01) sem notuð er til að losa frárennsli frá verksmiðjunni. Fyrirhugað er að skila niðurstöðum þeirra mælinga til Umsagna- og leyfisteymis stofnunarinnar vegna starfsleyfisgerðarinnar. Frárennsli verksmiðjunnar er losað í borholu SV-01 sem er rétt utan við lóðarmörk verksmiðjunnar. Rekstraraðili fór fram á það við Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) að þeir mætu hvort notkun fódraðrar holu að 200 m dýpi tryggir að ekki sé hætt á blöndun frárennslisins við ferskvatnsstraum þann sem er að finna á svæðinu (ofan 40 metra). ÍSOR hefur í skýrslu sinni frá 2015 lagt mat á þessa fyrirhuguðu tilhögun og ekki er búist við að hætt sé á blöndun frárennslis við ferskvatnsstraum svæðisins.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Skipulagsstofnun hafa síðar fjallað um þetta fyrirkomulag og tekið vel í það. Borholan (SV-01) var upphaflega 262 metrar að dýpt, en við endurgerð hennar í ágúst 2016 var hún boruð út niður á 256 metra og fódruð niður fyrir 200 metra dýpt. Neðan við 238 metra dýpi var götuð pípa úr ryðfriú stáli notuð til þess að auka á flæði út úr holunni. Skýrsla um framkvæmdina var afhent Umhverfisstofnun á síðast ári.

Rekstraraðili hefur óskað eftir breytingu á starfsleyfi og lagt til að frárennsli verksmiðjunnar verði losað í borholu SV-01 til framtíðar. Eins eru gögn þar að lútandi hjá Umsagna- og leyfisteymi vegna vinnu við nýtt starfsleyfi.

Deiliskipulag svæðisins liggur fyrir, áætlunum sem krafa er um hefur verið skilað inn svo og ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar.

Rekstraraðili var með undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá ákvæði í grein 2.3 í starfsleyfi um brennslu VOC efna í útblæstri en hún rann út 1. febrúar sl. Í dag er vothreinsunarbúnaður í gangi og er það ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Því er hér um frávik frá starfsleyfi að ræða. Óskað verður eftir tímasettri úrbótaáætlun á þessu.

Eins var rekstraraðili með undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá ákvæði í grein 2.8 um meðhöndlun metanóls í frárennsli sem rann út 31. desember sl. Það er því einnig frávik frá kröfum í starfsleyfi og verður óskað eftir tímasettri úrbótaáætlun frá þessu líka.

Farið var yfir innsend gögn, nýja hljóðmælingu, grænt bókhald og yfirlýsingu vegna útstreymisbókhalds.

Áætlanir um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar liggja fyrir sem og áhættumat og viðbragðsáætlun. Lögð var fram handbók um skráningar og þar í eru ýmsar upplýsingar um innra eftirlit fyrirtækisins og þjálfun starfsmanna. Engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti og engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila eða rekstraraðila frá síðasta eftirliti.

Farið var í skoðun á verksmiðjuna og verksmiðjulóðinni. Skoðuð var aðstaða til geymslu á efnum og úrgangi. Nokkrar stáltunnur af notuðum efnum voru í geymslu utanhúss. Farið var fram á að tunnurnar stæðu í lekabyttum og að ekki mætti geyma þær undir beru lofti mjög lengi svo þær haldi fullum styrk en grotni ekki í sundur vegna ryðs.

Frávik frá

ákvæði í grein 2.3 í starfsleyfi um brennslu rokkgjarnra eldfimra efna í útblæstri (VOC efna).

Lýsing á fráviki

Vothreinsibúnaður sem notaður er í dag er ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Undanþága ráðuneytisins vegna þessa er runnin út. Gerð er krafa um tímasetta úrbótaáætlun.

ákvæði í grein 2.8 í starfsleyfi um meðhöndlun alkóhóls í frárennsli.

Engin meðhöndlun (hreinsun) er á frárennsli frá ferlum verksmiðjunnar (þó eru olíuskiljur á áfyllingaláni) og því eru alkóhól í frárennslinu. Undanþága ráðuneytisins frá þessu ákvæði er runnin út. Gerð er krafa um tímasetta úrbótaáætlun.

ATHUGASEMDIR

Farið var fram á að stáltunnur undir efnaúrgangi stæðu í lekabyttum og varast að geyma tunnurnar undir beru lofti mjög lengi svo þær haldi fullum styrk en grotni ekki í sundur vegna ryðs.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.08.2017



Gottskálk Friðgeirsson